

Fundargerð 91. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.
Dagsetning: Miðvikudagur 26. janúar 2022 klukkan 17:00 á Teams.

Viðstaddir:

Björg Ágústsdóttir (formaður), Hilmar Már Arason, Vilborg Lilja Stefánsdóttir, Helga Guðmundsdóttir (í síma), Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari, Heiðrún Edda Pálsdóttir áheyrnarfulltrúi nemenda, Erna Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.


Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna á Teams fund.

Dagskrá:

1. Innritun, upphaf annar og námsframboð.

Sólrún Guðjónsdóttir fór yfir tölulegar upplýsingar vorannar 2022. Það eru 168 nemendur skráðir til náms á vorönn 2022 við FSN. Af 168 nemendum eru 109 dagskólanemendur og 59 fjarnemendur. Frá stofnun skólans hefur það verið markmið að bjóða upp á nám bæði fyrir stað- og fjarnemendur. Þessi nemendasamsetning gerir það að verkum að hægt er að vera með fjölbreytt námsframboð því fjar- og staðnemendur eru í sömu áföngum og sömu hópum. Það er gert ráð fyrir 150 ársnemendum í fjárlögum ársins 2022. Fjöldi fjarnemenda gerir okkur kleift að halda úti fjölbreyttu námsframboði þrátt fyrir tímabundna fækkun staðnemenda.

Vorönn 2022			
Heildareiningar staðnema eftir brautum			
Braut	Fjöldi nemenda	Einingar	Ársnemendur
Starfsbraut	9	265	8,83
Félags- og hugvísindabraut	35	1043	34,76
Náttúru- og raunvísindabraut	24	737	24,56
Nýsköpunar- og frumkvöðlabr.	10	299	9,96
Opin braut	16	398	13,26
Íþróttabraut	9	273	9,1
Framhaldsskólabraut 1	1	14	0,46
Framhaldsskólabraut 2	4	99	3,3
Grunnskólanemi	1	5	0,16
	109	3133	104,39



Heildareiningar fjarnema eftir brautum


Félags- og hugvísindabraut	13	231	7,7
Náttúru- og raunvísindabraut	1	21	0,7
Opin braut	44	484	16,13
Íþróttabraut	1	29	0,96
	59	765	25,49
Samanlagt	168	3898	129,88

Þess má geta að það er lýðfræðileg fjölgun nemenda á upptökusvæði næstu árin.

Nemendaspá	10.b	9.b.	8.b.	7.b.	6.b.	5.b.	4.b.	3.b.	2.b.	1.b.
Upptökusvæði þýði nýnema haust	Ártal 2021	Ártal 2022	Ártal 2023	Ártal 2024	Ártal 2025	Ártal 2026	Ártal 2027	Ártal 2028	Ártal 2029	Ártal 2030
Stykkishólmur, Grundarfjörður, Snæfellsbær, Lýsuhóll, Vesturbyggð og Tálknafjörður	37	55	54	57	68	71	71	50	68	51

2. Niðurstaða náms á haustönn.

Í upphafi haustannar 2021 voru ársnemendur 158,19 en 128,73 luku námi. Það voru 122 dagskólanemendur skráðir til náms en 115 þeirra luku einingum í annarlök. Það eru einhverjar vísbendingar um að covid-19 hafi áhrif á brottfall nemenda en það þarf að rýna betur og bera saman tölulegar upplýsingar milli anna. Af 81 fjarnemum sem reiknuðust sem 36,04 ársnemendur luku 65 fjarnemar einingum sem 25,55 ársnemendur á haustönn 2021.



3. Önnur mál

- Veðrið og covid hafa haft áhrif á skólastarf í upphafi annar. Það hafa verið fimm óveðursdagar það sem af er ári og nemendur og starfsfólk voru heima í eina viku vegna covid. Það hefur komið sér vel að bæði nemendur og kennarar eru mjög fær í því að halda úti skólahaldi á Teams þannig að kennsla hefur ekki fallið niður.
- Það væri gaman að fá Ásmund Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra í heimsókn í FSN.
- Það er mikil ánægja með matinn og matráð FSN.
- Fjárlög 2022 eru samþykkt og þarf FSN að skera niður um tæpar 14 m. kr. milli ára.
- FSN mætti segja meira frá því frábæra starfi sem hér er unnið. Skessuhorn og fleiri miðlar nefndir í þessu samhengi.
- Hjónin Runólfur Guðmundsson og Edda Kristjánsdóttir gáfu starfsbraut FSN 500.000,- kr. Skólanefnd vill koma á framfæri þökkum fyrir þessa höfðinglegu gjöf.

Næsti fundur í FSN 15. mars 2022 klukkan 16:30.

Fundi slitið klukkan 18:04.